



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI

AKUREYRI HOSPITAL

A TEACHING HOSPITAL AFFILIATED WITH THE UNIVERSITY OF ICELAND AND THE UNIVERSITY OF AKUREYRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/955  
komudagur 14. 12. 2010

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.


Akureyri 14. desember 2010.

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 8. mál.

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri hefur fjallað um framangreinda þingsályktunartillögu og óskað eftir umsögn yfirlæknis öldrunarlækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri.

Meðfylgjandi er umsögn yfirlæknisins og sendist hún sem umsögn Sjúkrahússins á Akureyri um framangreinda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,



Halldór Jónsson, forstjóri.

Meðfylgjandi: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 8. mál.

HJ2010032

## 139. löggjafarþing 2010-2011.

### Þskj. 8 -- 8.mál.

#### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.

Undirrituð er hlynnt reglubundnum heimsóknum til eldri borgara og telur þær hafa visst forvarnargildi en metur það jafnframt svo að beina ætti einstaklingum þar sem grunur er um heilsubrest til mats fagaðila innan heilbrigðiskerfisins.

Heimsóknir af þessu tagi henta vel til könnunar á þörfum aldraðra fyrir félagslega þjónustu af ýmsu tagi og auðvelda skipulag þjónustunnar. Fái einstaklingur í þörf fyrir slík þjónustuúrræði notið þeirra í kjölfar heimsóknar getur hann líklega dvalið lengur á eigin heimili og utan öldrunarstofnunar. Á Íslandi er stuðningur fjölskyldu við aldraða einstaklinga oft umtalsverður. Telja má að gagnsemi reglubundinna heimsókna öldunarþjónustufulltrúa muni nýtast sérlega vel þeim einstaklingum er ekki njóta slíks stuðnings.

Heimsóknum er ætlað að hafa forvarnargildi. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er rætt um að öllum íbúum 75 ára og eldri bjóðist heimsókn x1-2 á ári af öldunarþjónustufulltrúa í Sveitarfélaginu Kaupmannahöfn. Í heimsókninni er farið yfir alla þætti sem varða heilsu og aðstæður þess aldraða og metið hvort viðkomandi þurfi á einhverri aðstoð að halda eða ekki. Að mati undirritaðrar er slíkt mat býsna víðtækt þegar kemur að heilsufarslegum þáttum og kallar á viðhlítandi menntun og reynslu öldunarþjónustufulltrúans. Um það er ekki rætt í greinargerðinni. Það gerir kröfu til glöggskyggni nefnds öldunarþjónustufulltrúa að koma auga á smávægilegan heilsubrest sem getur undið upp á sig þannig að hinn aldraði þurfi stofnavist eins og segir í téðri greinargerð. Aldraðir einstaklingar með vitræna skerðingu eru viðkvæmur hópur og finna sökum sinna veikinda ekki alltaf sjálfir að þeir þurfi aðstoð. Mikilvægt er að finna þessa einstaklinga svo þeir eigi möguleika á viðeigandi greiningu og meðferð. Mat á heilsufari aldraðs einstaklings í þeim tilgangi að finna einkenni um heilsubrest á byrjunarstigi ætti að fara fram innan heilbrigðiskerfisins. Því þarf að tryggja samstarf milli skipuleggjenda heimsókna af þessu tagi og heilbrigðiskerfisins þannig að öldruðum einstaklingum þar sem grunur vaknar um heilsubrest standi til boða faglegt mat á heilsufari innan heilsugæslunnar.

Virðingarfyllst,

Arna Rún Óskarsdóttir

Yfirlæknir öldrunarlækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri.